

AUGLÝSING

um samning um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna og bókun um breytingu á samningnum.

Hinn 1. janúar 1994 öðlast gildi samningur um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna sem undirritaður var í Reykjavík 20. maí 1992. Jafnframt öðlast gildi bókun um breytingu á samningnum sem undirritað var í Brussel 17. mars 1993. Utanríkisráðuneyti Svíþjóðar var afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samningsins og bókunarinnar 27. desember 1993.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Bókunin er birt sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR

um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna

Aðilar að samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls

hafa hliðsjón af 95. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 36 við hann;

taka tillit til þess að í 9. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna og 47. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er vísað til nefndar sem í eru þeir þingmenn frá EFTA-ríkjunum er sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni;

eru sannfærðir um að hlutverk þjóðþinga EFTA-ríkjanna í þróun Evrópska efnahagssvæðisins sé mikilvægt;

hafa í huga það markmið aðila að EES-samningnum að efla samstarf þingmanna Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna;

vilja efla enn frekar samstarf þjóðþinga EFTA-ríkjanna;

hafa ákveðið að gera eftirfarandi samning:

AGREEMENT

on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States

The Contracting Parties to the Agreement on a Standing Committee of the EFTA States and to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice,

Having regard to Article 95 of, and Protocol 36 to, the Agreement on the European Economic Area;

Considering that Article 9 of the Agreement on a Standing Committee of the EFTA States and Article 47 of the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice refer to a committee consisting of the members of Parliament of the EFTA States who are members of the EEA Joint Parliamentary Committee;

Convinced of the important role that the Parliaments of the EFTA States will play for the development of the European Economic Area;

Recalling the objective of the Contracting Parties to the EEA Agreement to contribute to the strengthening of the cooperation between the members of the European Parliament and of the Parliaments of the EFTA States;

Desiring to further strengthen the cooperation between the Parliaments of the EFTA States;

Have decided to conclude the following Agreement:

1. gr.

1. Þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu hvert um sig tilnefna fulltrúa úr eigin röðum þingmanna til að sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sem kveðið er á um í 95. gr. EES-samningsins, í samræmi við eftirfarandi:

- þjóðþing Austurríkis, Svíþjóðar og Sviss sex þingmenn;
- þjóðþing Finnlands og Noregs fimm þingmenn;
- Alþingi Íslendinga þrjá þingmenn; og
- þjóðþing Liechtensteins tvo þingmenn.

2. Þingmenn, sem þannig eru tilnefndir, skulu skipa þingmannanefnd EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefnd nefndin. Hvert þjóðþing má tilnefna varamenn. Í starfsreglum sínum getur nefndin kveðið á um að bjóða megi áheyrnarfulltrúum frá EFTA-ríkjum að sitja fundi.

2. gr.

Með „EFTA-ríki“ er í samningi þessum átt við aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu sem er aðili að EES-samningnum, samningnum um fastanefnd EFTA-ríkjanna, samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og samningi þessum.

3. gr.

1. Nefndin skal vera EFTA-ríkjunum til ráðgjafar um mál sem tengjast EES. Hún skal enn fremur miðla upplýsingum um slík mál milli sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar og þjóðþinga EFTA-ríkjanna, svo og milli þessara þjóðþinga.

2. Enn fremur getur nefndin látið í ljós við fastanefnd EFTA-ríkjanna álit sitt á öðrum málum sem tengjast starfsemi og þróun EES. Hún skal einnig sinna þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein 9. gr. samningsins um fastanefnd EFTA-ríkjanna og fyrstu málsgrein 47. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Article 1

1. The Parliaments of the EFTA States shall, from among their own members, appoint members for participation in the EEA Joint Parliamentary Committee provided for in Article 95 of the EEA Agreement, in accordance with the following:

- from the Parliaments of Austria, Sweden and Switzerland six members;
- from the Parliaments of Finland and Norway five members;
- from the Parliament of Iceland three members; and
- from the Parliament of Liechtenstein two members.

2. The members of Parliament thus appointed shall form a Committee of Members of Parliament of the EFTA States, hereinafter referred to as the Committee. Each Parliament may appoint alternate members. The Committee may in its rules of procedure decide to invite observers from the EFTA States.

Article 2

For the purposes of this Agreement the term “EFTA State” means a Member State of the European Free Trade Association which is a Party to the EEA Agreement, the Agreement on a Standing Committee of the EFTA States, the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as well as to the present Agreement.

Article 3

1. The Committee shall serve as a consultative body to the EFTA States on matters of relevance to the EEA. It shall further serve as a channel of information on such matters between the EEA Joint Parliamentary Committee and the Parliaments of the EFTA States as well as between the latter Parliaments.

2. Furthermore the Committee may express its views to the Standing Committee of the EFTA States on any matter of relevance for the functioning and development of the EEA. It shall also carry out the tasks laid down in Article 9, first paragraph, of the Agreement on a Standing Committee of the EFTA States and Article 47, first paragraph, of the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice.

4. gr.

Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum skal nefndin taka ákvarðanir með hreinum meirihluta greiddra atkvæða.

5. gr.

Nefndin getur samþykkt tilmæli eða ályktanir. Minnihlutaálit skulu fylgja tilmælum eða ályktunum sem meirihluti samþykkir.

6. gr.

1. Nefndin kýs formann og varaformann til eins árs úr röðum nefndarmanna.

2. Formaður boðar til funda nefndarinnar að eigin frumkvæði. Hann skal enn fremur boða til funda að ósk eins þriðja hluta nefndarmanna eða að ósk fastanefndar EFTA-ríkjanna.

7. gr.

Nefndin má skipa úr röðum nefndarmanna vinnunefndir sem gefa henni skýrslu.

8. gr.

1. Nefndin má halda sameiginlega fundi með ráðherrum EFTA-ríkjanna í tengslum við ráðherrafundi fastanefndar EFTA-ríkjanna.

2. Nefndarmönnum má bjóða til annarra funda ráðherra EFTA-ríkjanna í því skyni að kynna álit nefndarinnar.

9. gr.

Í boði nefndarinnar mega formaður fastanefndar EFTA-ríkjanna og eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA sitja fundi hennar og taka til máls. Þeir mega munnlega eða skriflega svara spurningum sem nefndarmenn beina til þeirra.

10. gr.

Formaður nefndarinnar skal veita fastanefnd EFTA-ríkjanna upplýsingar um nöfn þeirra þingmanna sem eiga sæti í nefndinni.

11. gr.

1. Þjóðþingið, sem skipar nefndarmann, skal bera kostnaðinn af þátttöku í nefndarstörfum.

Article 4

Unless otherwise provided in this Agreement, the Committee shall act by an absolute majority of the votes cast.

Article 5

The Committee may adopt recommendations or resolutions. Minority opinions shall be attached to a recommendation or resolution which has been adopted by a majority.

Article 6

1. The Committee shall elect its Chairman and Vice-Chairman from among its members for a period of one year.

2. The Chairman shall call the sessions of the Committee on his own motion. He shall furthermore call sessions either at the request of one-third of its members or at the request of the Standing Committee of the EFTA States.

Article 7

The Committee may set up working parties among its members which shall report to the Committee.

Article 8

1. The Committee may hold joint meetings with Ministers of the EFTA States in conjunction with meetings at Ministerial level of the Standing Committee of the EFTA States.

2. At other meetings of Ministers of the EFTA States, the Committee may be invited to be represented in order to present the views of the Committee.

Article 9

The Chairman of the Standing Committee of the EFTA States as well as Members of the EFTA Surveillance Authority may, upon invitation by the Committee, attend meetings of the Committee to be heard by it. They may reply orally or in writing to questions put to them by members of the Committee.

Article 10

The Chairman of the Committee shall keep the Standing Committee of the EFTA States informed of the names of the members of Parliament who are members of the Committee.

Article 11

1. The costs for participation in the Committee shall be borne by the Parliament which appointed a member.

2. Ef nefndinni er boðið að halda fund annars staðar en í Genf eða Brussel skal EFTA-ríkið, sem heldur fundinn, venjulega bera kostnað vegna fundaraðstöðu og túlkunarbúnaðar.

12. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur með meirihluta fimm sendinefnda þjóðanna af sjö en nefndarmenn, sem hvert þjóðþing tilnefnir, skipa sendinefnd.

13. gr.

Fela má nefndinni önnur verkefni en þau sem greint er frá hér að framan samkvæmt sérstakri ákvörðun aðila að samningi þessum.

14. gr.

EFTA-ríki, sem gerist aðili að EES-samningnum, skal gerast aðili að samningi þessum.

15. gr.

1. EFTA-ríki, sem segir EES-samningnum upp, skal sjálfkrafa hætta að vera aðili að samningi þessum á sama degi og uppsögnin öðlast gildi.

2. EFTA-ríki, sem gerist aðili að Evrópu-bandalaginu, skal sjálfkrafa hætta að vera aðili að samningi þessum á sama degi og uppsögnin öðlast gildi.

3. Ríkisstjórnir þeirra EFTA-ríkja, sem eftir eru, skulu með samhljóða samkomulagi ákveða hvaða breytingar þarf að gera á samningi þessum.

16. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu fullgilda samning þennan, sem gerður er í einu fullgildu eintaki á ensku, í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

2. Samningi þessum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverju EFTA-ríki fyrir sig staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum það.

3. Samningur þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og öll EFTA-ríki hafi komið fullgildingarskjölum vegna samnings þessa í vörslu.

2. If the Committee has been invited to meet in another place than Geneva or Brussels the costs for the meeting facilities and interpretation equipment shall normally be borne by the inviting EFTA State.

Article 12

The Committee shall adopt its rules of procedure acting by a majority of five out of the seven National Delegations, members appointed by each Parliament forming a National Delegation.

Article 13

The Committee may by a separate decision of the Parties to this Agreement be entrusted with other tasks than those mentioned above.

Article 14

Any EFTA State acceding to the EEA Agreement shall accede to the present Agreement.

Article 15

1. Any EFTA State which withdraws from the EEA Agreement shall ipso facto cease to be a Party to the present Agreement on the same day as that withdrawal takes effect.

2. Any EFTA State which accedes to the European Community shall ipso facto cease to be a Party to the present Agreement on the same day as that accession takes effect.

3. The Governments of the remaining EFTA States shall, by common accord, decide on the necessary amendments to be made to the present Agreement.

Article 16

1. The present Agreement, drawn up in a single authentic copy in the English language, shall be ratified by the Contracting Parties in accordance with their respective constitutional requirements.

2. The present Agreement shall be deposited with the Government of Sweden which shall transmit a certified copy to each EFTA State.

The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all other EFTA States.

3. The present Agreement shall enter into force on 1 January 1993 provided that the EEA Agreement enters into force on that day and provided that the instruments of ratification of the present Agreement have been deposited by all EFTA States.

Ef EES-samningurinn öðlast ekki gildi á þeim degi gengur samningur þessi í gildi á þeim degi er EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar öll EFTA-ríkin hafa komið fullgildingarskjölum vegna samnings þessa í vörslu eftir því hvor dagurinn er síðar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Reykjavík 20. maí 1992 í einu fullgildu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirrita og allra ríkja sem gerast aðilar að samningi þessum.

Fylgiskjal 2.

BÓKUN

um breytingu á samningi um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna

Lýðveldið Austurríki,
Lýðveldið Finnland,
Lýðveldið Ísland,
Furstadæmið Liechtenstein,
Konungsríkið Noregur og
Konungsríkið Svíþjóð,

þar eð samningurinn um Evrópska efnahags-svæðið, hér á eftir nefndur EES-samningurinn, var undirritaður í Óportó 2. maí 1992;

þar eð samningurinn um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna, hér á eftir nefndur samningurinn um þingmannanefndina, var undirritaður í Reykjavík 20. maí 1992;

þar eð ljóst er að einn undirritunaraðilanna að EES-samningnum, Ríkjasambandið Sviss, hefur ekki tök á að fullgilda EES-samninginn né samninginn um þingmannanefndina og því munu þessir samningar ekki gilda um Sviss;

þar eð bókun um breytingu á EES-samningnum er undirrituð sama dag og bókun þessi;

þar eð ákveða þarf nýjan gildistökudag samningsins um þingmannanefndina;

þar eð setja þarf sérstök ákvæði um gildistöku samningsins um þingmannanefndina að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein;

If the EEA Agreement does not enter into force on that day the present Agreement shall enter into force on the day the EEA Agreement enters into force or when all instruments of ratification of the present Agreement have been deposited by all EFTA States, whichever day is the later.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed the present Agreement.

Done at Reykjavík, this 20th day of May 1992, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States and States acceding to this Agreement.

PROTOCOL

adjusting the Agreement on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States

The Republic of Austria,
The Republic of Finland,
The Republic of Iceland,
The Principality of Liechtenstein,
The Kingdom of Norway and
The Kingdom of Sweden,

Whereas the Agreement on the European Economic Area, hereinafter referred to as the EEA Agreement, was signed in Oporto on 2 May 1992;

Whereas the Agreement on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States, hereinafter referred to as the Parliamentary Committee Agreement, was signed in Reykjavík on 20 May 1992;

Whereas it has become clear that one of the signatories to the EEA Agreement, the Swiss Confederation, is not in a position to ratify the EEA Agreement or the Parliamentary Committee Agreement and that therefore those Agreements will not apply to Switzerland;

Whereas a Protocol adjusting the EEA Agreement is signed on the same day as this Protocol;

Whereas a new date for the entry into force of the Parliamentary Committee Agreement has to be laid down;

Whereas special provisions are required for the entry into force of the Parliamentary Committee Agreement as regards the Principality of Liechtenstein;

Þar eð gera þarf allmargar breytingar á samningnum um þingmannanefndina sökum þess að Sviss mun ekki fullgilda hann;

Hafa ákveðið að gera eftirfarandi bókun:

1. gr.

1. Samningurinn um þingmannanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, skal öðlast gildi þann dag sem bókun þessi öðlast gildi milli Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands, Lýðveldisins Íslands, Konungsríkisins Noregs og Konungsríkisins Svíþjóðar.

2. Að því er varðar Furstadæmið Liechtenstein skal samningurinn um þingmannanefndina, eins og honum er breytt með bókun þessari, öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein.

2. gr.

Samningnum um þingmannanefndina skal breytt í samræmi við 3. til 5. gr. bókunar þessarar.

3. gr.

Í stað 1. mgr. 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þjóðþing EFTA-ríkjanna skulu hvert um sig tilnefna fulltrúa úr eigin röðum þingmanna til að sitja í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni sem kveðið er á um í 95. gr. EES-samningsins, í samræmi við eftirfarandi:

- þjóðþing Austurríkis og Svíþjóðar átta þingmenn;
- þjóðþing Finnlands sjö þingmenn;
- þjóðþing Noregs sex þingmenn; og
- Alþingi Íslendinga fjóra þingmenn.

Þegar samningurinn um þingmannanefndina öðlast gildi gagnvart Liechtenstein skal hvert þjóðþing tilnefna eftirfarandi fjölda þingmanna:

- þjóðþing Austurríkis og Svíþjóðar átta þingmenn;
- þjóðþing Finnlands og Noregs sex þingmenn;
- Alþingi Íslendinga þrjá þingmenn; og
- þjóðþing Liechtensteins tvo þingmenn.“

Whereas a number of adjustments to the Parliamentary Committee Agreement are necessary as a consequence of the non-ratification by Switzerland;

Have decided to conclude the following Protocol:

Article 1

1. The Parliamentary Committee Agreement, as adjusted by this Protocol, shall enter into force on the date of entry into force of this Protocol, between the Republic of Austria, the Republic of Finland, the Republic of Iceland, the Kingdom of Norway and the Kingdom of Sweden.

2. As regards the Principality of Liechtenstein, the Parliamentary Committee Agreement, as adjusted by this Protocol, shall enter into force on the same day as the EEA Agreement enters into force for Liechtenstein.

Article 2

The Parliamentary Committee Agreement shall be adjusted in accordance with Articles 3 to 5 of this Protocol.

Article 3

Article 1(1) shall be replaced by the following:

“1. The Parliaments of the EFTA States shall, from among their own members, each appoint members for participation in the EEA Joint Parliamentary Committee provided for in Article 95 of the EEA Agreement, in accordance with the following:

- from the Parliaments of Austria and Sweden eight members;
- from the Parliament of Finland seven members;
- from the Parliament of Norway six members; and
- from the Parliament of Iceland four members.

As from the entry into force of the Parliamentary Committee Agreement for Liechtenstein, the number of members to be appointed by each Parliament shall be:

- from the Parliaments of Austria and Sweden eight members;
- from the Parliaments of Finland and Norway six members;
- from the Parliament of Iceland three members; and
- from the Parliament of Liechtenstein two members.”

4. gr.

Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Nefndin setur sér starfsreglur með samþykki meirihluta sendinefnda þjóðanna en nefndarmenn, sem hvert þjóðþing tilnefnir, skipa sendinefnd.“

5. gr.

Í stað 3. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Samningur þessi öðlast gildi þann dag og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 1. gr. bókunarinnar um breytingu á samningi um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-rikkjanna.“

6. gr.

1. Bókun þessi er gerð í einu frumriti og er fullgild á ensku.

2. Samningsaðilar skulu fullgilda bókun þessa í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers um sig.

Henni skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal senda hverjum hinna samningsaðilanna staðfest endurrit.

Fullgildingarskjölunum skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar sem skal tilkynna öllum hinum samningsaðilunum það.

3. Bókun þessi skal öðlast gildi 1. júlí 1993 að því tilskildu að EES-samningurinn öðlist gildi þann dag og allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um þingmannanefndina og bókunar þessarar í vörslu fyrir þann dag. Eftir þann dag öðlast bókun þessi gildi daginn sem EES-samningurinn öðlast gildi eða þegar allir samningsaðilarnir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. bókunar þessarar hafa komið öllum fullgildingarskjölum vegna samningsins um þingmannanefndina og bókunar þessarar í vörslu, eftir því hvor dagurinn er síðar.

4. Að því er Liechtenstein varðar skal bókun þessi öðlast gildi sama dag og EES-samningurinn öðlast gildi gagnvart Liechtenstein að því tilskildu að Liechtenstein hafi komið fullgildingarskjölum sínum vegna samningsins um þingmannanefndina og bókunar þessarar í vörslu.

Article 4

Article 12 shall be replaced by the following:

“Article 12

The Committee shall adopt its rules of procedure acting by a majority of the National Delegations, members appointed by each Parliament forming a National Delegation.”

Article 5

Article 16(3) shall be replaced by the following:

“3. The present Agreement shall enter into force on the date and under the conditions provided for in Article 1 of the Protocol adjusting the Agreement on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States.”

Article 6

1. This Protocol is drawn up in a single original and is authentic in the English language.

2. This Protocol shall be ratified by the Contracting Parties in accordance with their respective constitutional requirements.

It shall be deposited with the Government of Sweden which shall transmit certified copies to all the other Contracting Parties.

The instruments of ratification shall be deposited with the Government of Sweden which shall notify all the other Contracting Parties.

3. This Protocol shall enter into force on 1 July 1993, provided that the EEA Agreement enters into force on that date and provided that all the Contracting Parties referred to in Article 1(1) of this Protocol have deposited their instruments of ratification of the Parliamentary Committee Agreement and of this Protocol before that date. After that date, this Protocol shall enter into force on the date the EEA Agreement enters into force or when all instruments of ratification of the Parliamentary Committee Agreement and of this Protocol have been deposited by all the Contracting Parties referred to in Article 1(1) of this Protocol, whichever date is the later.

4. As regards Liechtenstein, this Protocol shall enter into force on the same date as the EEA Agreement enters into force for Liechtenstein, provided that Liechtenstein has deposited its instruments of ratification of the Parliamentary Committee Agreement and of this Protocol.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Brussel 17. mars 1993 í einu fullgildu eintaki á ensku sem skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda staðfest endurrit til allra ríkja sem undirrita og allra ríkja sem gerast aðilar að samningi um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries, having been duly authorized thereto, have signed this Protocol.

Done at Brussels, this 17th day of March 1993, in a single authentic copy in the English language which shall be deposited with the Government of Sweden. The Depositary shall transmit certified copies to all Signatory States and States acceding to the Agreement on a Committee of Members of Parliament of the EFTA States.

AUGLÝSING

um breytingu á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 27. desember 1993 var utanríkisráðuneyti Svíþjóðar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna frá 2. maí 1992 um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sem undirrituð var í Brussel 24. nóvember 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993 þar sem samningurinn er birtur. Tilkynt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Hægt er að fá aðgang að texta bókunarinnar í utanríkisráðuneytinu.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna frá 9. maí 1992 um loftslagsbreytingar öðlast gildi 21. mars 1994, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1993.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.